

Nr. 095 / 16 Þór

Skipverji slasast á fæti

Skipaskr.nr. 2769 IMO.nr. 9426893
Smíðaður: Chile 2011, stál
Útgerð: Landhelgisgæsla Íslands
Stærð: 3.920 BT
Mesta lengd: 93,8 m Skráð lengd: 84,69 m
Breidd: 16 m Dýpt: 7,2 m
Vél: Rolls Royce 9000 kW, 2008
Fjöldi skipverja: 18



Gögn:
Gögn RNSA

Þór©Jón Páll Ásgeirsson

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2016 var varðskipið Þór fyrir utan bryggju á Grundartanga. Veður: S 2 m/s.

Skipverjar voru að vinna við að taka vír inn á minna dráttaspil Þórs undir átaki þegar kaðall sem festur var við endann á vírnum til að halda á móti slitnaði. Við þetta fékk skipverji kaðalinn aftan í hnésbótina á vinstri fæti og slasaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar nokkrir snúningar voru eftir inn á vírtromluna var settur kaðall í enda vírsins og haldið við með spilkoppi, sem staðsettur var aftarlega á vinnuþilfari skipsins, til að hafa átak á vírinn sem fór inn á dráttarspilið;
- að skipverjinn stóð við spilkoppinn og hélt við kaðalinn sem var með tvo snúninga inn á spilkoppnum og þaðan þræddur í gegnum vírastýringu sem var aftarlega á miðju þilfarinu;
- að kaðallinn færðist upp eftir vírastýringuni og slitnaði upp við gula eyrað (sjá mynd);
- að kaðallinn lenti fyrst utan í hlífðarsúlu á þilfarinu og síðan í skipverjanum.



Vírastýring á afturhluta þilfarins

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.